

Charcot fótur

Aflögun fótár – afleiðing sykursýki

Charcot fótur er alvarlegur en sjaldgæfur fylgikvilli sykursýki. Um er að ræða varanlega aflögun fótár sem getur orðið hjá fólki með skert taugaskyn. Beinín í fótunum, einkum ristarbeinín, geta orðið brothættari og brotnað við minniháttar áverka, jafnvel við það eitt að stíga í fótinn. Einnig er hætta á liðhlaupi í fætinum.



Venjulegur fótur



Charcot fótur

Þeir sem fá Charcot fót muna sjaldnast eftir því að hafa meitt sig. Vegna skerts verkjaskyns hafa þeir jafnvel gengið á brotnum fæti án þess að finna fyrir því.

Charcot fótur getur haft varanleg áhrif á göngugetu og þar með lífsgæði en mögulegt er draga úr afleiðingum með fyrirbyggjandi aðferðum.

Ef grunur vaknar um Charcot fót er mikilvægt að leita til fótateymis göngudeildar innkirtla sem allra fyrst. Þar starfar fólk með sérþekkingu á fótameinum af völdum sykursýki.

Einkenni

Fyrstu einkennum Charcot fótur eru bólga og hiti á ökkla- og ristarsvæði. Einnig getur verið roði á svæðinu sem líkist einkennum sýkingar. Vegna skerts verkjaskyns fylgja yfirleitt óljósir verkir því að fá Charcot fót. Í flestum tilfellum er eingöngu um annan fótinn að ræða en sjúkdómurinn getur þó herjað á báða fætur en þó ekki endilega á sama tíma.

Meðferð

Með því að hefja viðeigandi meðferð strax er hægt að minnka líkur á alvarlegri aflögun fótur.

Þau tvö markmið sem eru höfð að leiðarljósi við meðhöndlun Charcot fótur eru að koma í veg fyrir:

- Varanlega breytingu á lögun fótur
- Frekari fótamein

Fyrst um sinn felst meðferðin í að aflétta öllu álagi af fætinum. Varast þarf að stíga í fótinn á meðan hann er bólgin og heitur og halda hreyfingu um ökkla í algjöru lágmarki. Á meðan þarf að nota hjólastól eða hækjur til að komast á milli staða.

Miklu máli skiptir að stíga ekki í fótinn og hreyfa hann sem minnst. Einnig er mikilvægt að fylgja fyrirmælum heilbrigðisstarfsfólks sem annast eftirlit.

Þegar frá líður og bólga og hiti minnkar er fóturinn settur í spelku eða gífs. Meðferðin tekur alltaf mið af alvarleika og ástandi fótur.

Reglubundið eftirlit hjá fótameinateymi sykursjúkra á Eiríksgötu 5 er nauðsynlegt. Þar veitir sérhæft starfsfólk ráðgjöf. Gerð er skoðun á fótum og viðeigandi rannsóknir framkvæmdar.

Stoðtækjafræðingur eða sjúkraskósmiður útvegar sérstakan skóbúnað eftir þörfum.

Eftirfarandi ráð geta flýtt bata:

- Góð stjórn á blóðsykri, blóðfitu og blóðþrýstingi skiptir máli og að fylgja persónulegum markmiðum í þeim efnum.
- Gæta þarf sérstaklega að hinum fætinum þar sem hann er undir meira álagi en venjulega.

Eftirlit til langs tíma

Jafnvel með viðeigandi meðferð geta orðið varanlegar breytingar á lögun fótans. Mælt er með reglulegu eftirliti hjá sérhæfðum heilbrigðisstarfsmanni. Skór sem ekki passa geta valdið sárum og mikilvægt er að vera í góðu sambandi við stoðtækjafraeðing eða sjúkraskósmið.

Ef upp koma vandamál:

- Hægt er að hafa samband við lækni eða hjúkrunarfraeðing á heilsgæslustöð.
- Einnig er hægt að hafa sambandi við göngudeild innkirtla, Landspítala í síma 543 1000.
- Ef um fótasár er að ræða skal hafa samband við fótameinamóttöku göngudeildar innkirtla í síma 543 1000, til að fá tíma á göngudeild sem fyrst.

Ef ekki næst í ofangreinda aðila og erindið þolir enga bið skal leita á bráðamóttöku.

Þetta fræðslufni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðslufnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.